

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Sea Farm ehf. Ísafjarðardjúp



Dags eftirlits	25.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	María Svavarsdóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm ehf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Ólafsson	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik komu fram í eftirliti: 1) Ekki var tilkynnt til Umhverfis- og orkustofnunar um útsetningu seiða í kvíar í Sandeyri. 2) Ófullnægjandi skráningar í ársyfirliti, framleiðslumagn ekki skráð. 3) Ársyfirliti var skilað of seint. 4) Grænu bókhaldi var skilað of seint. 5) Ófullnægjandi skráningar á grænu bókhaldi. 6) Ústreymisbókhaldi var skilað of seint.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða kvíaeldisstöð í Ísafjarðardjúpi. Starfsleyfið heimilar eldi á laxfiskum og má hámarkslífmassi ekki fara yfir 8.000 tonn á hverjum tíma. Leyfið nær til þriggja staðsetninga, Sandeyrar, Kirkjusunds og Arnarness og gildir til 21. febrúar 2040.

Boðað umfang eftirlitsins:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma kvíar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgiskjöl

- Níu frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og hefur þeim öllum verið lokað.
- Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.
- Heildarframleiðsla ársins 2024 var 1222 tonn og fôðurnotkun var 1455 tonn. Útsetning á seiðum í kvíar var frá 22. apríl -15. september 2024, var ekki tilkynnt með tveggja vikna fyrirvara og er frávik frá gr. 3.2 í starfsleyfinu, tilkynning barst 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað. Skráningar í ársyfirlitinu eru ófullnægjandi, vísað er í lið 6.1 í græna bókhaldinu. Í græna bókhaldinu er fôðurmagn skráð en ekki framleiðslumagn og er það frávik frá gr. 4.1 í starfsleyfinu. Ársyfirliti var ekki skilað inn fyrir 1. maí og telst það frávik frá gr. 4.1 í starfsleyfinu, ársyfirlitinu var skilað inn 24. júlí og er frávikinu því lokað. Grænu bókhaldi var ekki skilað inn fyrir 1. maí og telst það frávik frá gr. 4.3 í starfsleyfinu, grænu bókhaldi var skilað 24. júlí og er frávikinu því lokað. Efnanotkun er með ófullnægjandi skráningu í græna bókhaldinu þar sem efnanotkun er skipt jafnt á milli fjögurra starfsleyfa eða framleiðslusvæða, Dýrafjörður, Arnarfjörður, Patreksfjörður og Sandeyri Ísafjarðardjúpi og er það frávik frá gr. 4.3 í starfsleyfinu. Ústreymisbókhaldi var ekki skilað inn fyrir 1. maí og telst það frávik, ústreymisbókhaldi var skilað inn 24. júlí og er frávikinu því lokað.
- Grunnsýnatóka var framkvæmd árið 2021 á Sandeyri vestur og Sandeyri austur. Bæði svæðin fengu einkunn mjög gott og niðurstöður gefa til kynna gott náttúrulegt ástand svæðanna. Samkvæmt útreikningum var heildarlosun fosfórs út frá fôðri var 8,5 kg P/tonn sem er innan leyfilegra marka samkvæmt starfsleyfi.
- Tryggingar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru fullnægjandi og uppfærðar.
- Farið var í skoðunarferð á kvíar og í pramman í Sandeyri engin athugasemd.
- Um borð í prammanum voru efni geymd á lekabyttum og öryggisblöð á staðnum. Meltugeymir var vel merktur.

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
------------	------------------

Gr. 3.2 í starfsleyfi.	Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða með tveggja vikna fyrirvara og telst það því frávik.
Gr. 4.1 í starfsleyfi.	Ófullnægjandi upplýsingar í ársyfirliti, framleiðslumagn ekki skráð.
Gr. 4.2 í starfsleyfi.	Ársyfirliti var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, en því var skilað inn 24. júlí 2025 og er frávikin því lokað.
Gr. 4.3 í starfsleyfi.	Grænu bókhaldi fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. Maí 2025, en því var skilað 24. júlí 2025 og er frávikin því lokað.
Gr. 4.3 í starfsleyfi.	Ófullnægjandi skráningar voru í grænu bókhaldi, er það frávik.
Samkv. reglugerð nr.990 viðauki I, 7 b	Þar sem framleiðslugeta er yfir 1000 tonn á að skila útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí. Útstreymisbókhaldið fyrir árið 2024 barst ekki fyrir en 24. júlí 2025 og er frávikin því lokað.

ÁBENDINGAR

Ein ábending: Rekstraraðili var minntur á að í gr. 3.2 um hvíldartíma í starfsleyfi kemur fram að rekstraraðili þarf að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna. Umhverfisstofnun getur einhliða frestað útsetningu seiða eftir hvíld, bendi niðurstöður til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldissvæði, að mati Umhverfis- og orkustofnunar.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík,

15.10.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

María Svavarsdóttir